

Skýrsla keppnisráðs AKÍS í rally 2022

Keppnisráðið í rally er þannig skipað:

Aðalsteinn Símonarson – BÍKR, formaður,

Baldur Haraldsson – BS,

Sigurður Arnar Pálsson – AIFS,

Tryggvi M Þórðarson – KK.

Ráðið hefur frá ársþingi AKÍS í mars haldið 7 bókaða fundi, hægt er að sjá fundagerðir þeirra á www.akis.is/rally/.

Auk þess var samráð haft um ýmis málefni milli funda, t.d. með símtölum og samskiptum gegnum tölvur.

Keppnisárið 2022 í rally gekk í heildina vel. Íslandsmótið í sérleiðarally samanstóð af fimm keppnum, sem er sami fjöldi og flest undanfarin ár. Einni keppni af þessum fimm var þó aflýst þar sem skráningar náðu ekki tilskyldum lágmarksfjölda sem settur var fram í sérreglum keppinnar, níu skráningar bárust en 10 var lágmarkið. Varð út af þessu nokkur óánægja og umræða á samfélagsmiðlum, og blandaðist inn í hana viðbrögð stjórnar AKÍS við beiðni keppnishaldara um að bæta við keppni í Íslandsmótinu sem uppfyllti ekki kröfur reglna um auglýsingafrest. Keppnisráðið var einhuga í stuðningi sýnum við afstöðu stjórnar AKÍS, fara þyrfti að reglum.

Auk þeirra keppna sem fyrr eru taldar hélt KK alþjóðlega keppni í Hill rally í ágúst, þriðja árið í röð. Þegar er búið að auglýsa keppni í Hill Rally árið 2023.

Engin kærúmál komu upp í keppnum ársins en í einhverjum tilfellum kom til kasta dómnefnda varðandi túlkun á reglum eða framkvæmd keppni.

Fjöldi skráðra ökutækja í keppni hélt áfram að minnka; var 12,4 að meðaltali samanborið við 12,8 árið 2021. Meðaltal síðustu 5 ára er hins vegar 15,2 ökutæki svo þróunin er ískyggileg. Talsverð umræða hefur farið fram við keppnishaldara og keppendur til að skoða mögulegar ástæður fyrir þessari fækkun en engin ein ástæða umfram aðra virðist vera fyrir þróuninni. Keppnisráðið mun áfram stuðla að umræðu um málið og styðja við góðar hugmyndir til að fjölga þátttakendum.

Þrátt fyrir færri skráningar var nýliðun á liðnu keppnistímabili meiri en undanfarin ár; þannig tóku 4 ökumenn og 7 aðstoðarökumenn þátt í sinni fyrstu keppni sem slíkir á þessu ári.

Á fundi sínum haustið 2020 ákvað keppnisráðið í rally að leggja til við stjórn AKÍS að viðmiðunardri ökumanna í rally verði breytt þannig að þeir sem náð hafi 15 ára aldri megi aka ökutækjum á sérleiðum. Stjórn AKÍS staðfesti þetta aldursviðmið en enn hefur ekki verið hægt að heimila þeim sem eru 15 ára að aka á sérleiðum þar sem ekki er skýr heimild til þess í reglugerð Dómsmálaráðuneytisins um að þetta sé heimilt. Skrifstofa og formaður AKÍS unnu talsvert í málinu og snemma í vor bárust þau svör frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu að hún gæti ekki fallist á að heimila yngri en 17 ára að aka á sérleiðum. Er mjög mikilvægt að þetta mál verði klárað hið allra fyrsta á hærri stigum, t.d. með viðræðum við Ríkislögreglustjóra eða Dómsmálaráðuneytið, enda eru ungir ökumenn einn af helstu möguleikum við fjölgun keppenda.

Óverulegar breytingar verða gerðar á reglum um rally fyrir árið 2022, en þó verður bætt við nýjum undirflokkum ökutækja sem heimila ákveðnum útfærslum af „buggy“ bílum að taka þátt. Er þetta m.a. gert til að hjálpa til við nýliðun og fjölgun keppenda.

Keppnisráðið hefur ákveðið að Íslandsmótið í sérleiðarally 2023 verði mótaröð. Ekki hafa komið beiðnir um að keppni í öðrum greinum rally verði til Íslandsmeistara.

F.h. keppnisráðs AKÍS í rally,

Borgarnesi 5. október 2022

Aðalsteinn Símonarson